

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 176/2003

frá 5. desember 2003

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XXII. viðauka (Félagaréttur)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2003 frá 7. nóvember 2003 ⁽²⁾.
- 3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 um breytingu á tilskipunum 78/660/EBE, 83/349/EBE, 86/635/EBE og 91/674/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga félaga af tiltekinni gerð, banka og annarra fjármálastofnana og váttrygginga félaga ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:
 - a) Eftirfarandi bætist við í lið 12b (tilskipun ráðsins 91/674/EBE):

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 L 0051**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 (Stjtið. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).“
 - b) Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 86/635/EBE):

„- **32003 L 0051**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 (Stjtið. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 62 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 42.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16.

2. XXII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:
- a) Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 78/660/EBE) og 6. lið (tilskipun ráðsins 83/349/EBE):
- „- **32003 L 0051**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).“
- b) Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið (tilskipun ráðsins 83/349/EBE) 4. liðar (tilskipun ráðsins 78/660/EBE):
- „, eins og henni var breytt með:
- **32003 L 0051**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB frá 18. júní 2003 (Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/51/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. desember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.